

## Gæðaverkefni sérnámslækna á lyflækningasviði

Umsjónarlæknir fyrir gæðaverkefnavinnu námslækna á lyflækningasviði er Arna Guðmundsdóttir. Allir námslæknar eiga að gera a.m.k. eitt slíkt á námstímanum og er viðmiðið að hafa lokið því í lok annars námsárs, þótt það megi fresta því til þriðja námsárs. Námslæknir getur óskað eftir því að gera gæðaverkefni í stað rannsóknarverkefnis en þá verður námslæknir að vera með virkt gæðaverkefni á öllum þremur árum sérnámstímans.

Námslæknar fá úthlutað 4 dögum á 6 mánaðatímabili til að sinna verkefninu og sækja vinnubúðir um gæðaverkefni sem Amelia Samuel og Anna Björg Jónsdóttir skipuleggja.

Námslæknar finna sér gæðaverkefni og leita að mentor eftir sínu áhugasviði en einnig er velkomið að leita til Örnú. Möguleiki er að tveir nemar vinni saman að stærri verkefnum. Gæðaverkefni á að vinna skv QIPAT (quality improvement assessment tool) og gera á viðeigandi matsblöð í ePortfolio (Quality Improvement Project Plan, Quality Improvement Project Report, Quality Improvement Project Assessment Tool Physician).

Allir námslæknar eiga að kynna gæðaverkefnin sín á Gæðadegi LSH.